

Nd.

410. Breytingartillögur

[5. mál]

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá Gunnari Jóhannssyni.

Við 1. gr.

1. Í stað orðsins „fyrirskipa“ í 1. mgr. komi: ákveða.

2. Á eftir orðunum „á hverja 500 íbúa“ í sömu mgr. komi:

Þó skal aldrei ákveða fleiri lögregluþjóna en sveitar- eða sýslufélag hefur samþykkt, enda hafi við ákvörðun sveitarstjórnar m. a. verið tekið tillit til umferðar og fjölda skemmtistaða í viðkomandi byggðarlagi.

Nú ákveður hreppsnefnd eða sýslunefnd í sveitar- eða sýslufélagi, sem hefur færri en 500 íbúa, að hafa lögreglu, og skal ríkissjóður þá greiða helming kostnaðar samkvæmt 1. málsg. 2. gr.